Leiðbeiningar  fyrir spjaldtölvu
Book Creator

Unnið af Helle Kristensen

# Book Creator

1.a.

**Að búa til nýja bók:**

Veldu „New Book“ efst til hægri.




1.b.

Veldu snið.

Ath. ef þú velur „Square“ eða „Landscape“ sérðu aðeins eina blaðsíðu í einu á meðan þú ert að vinna bókina.



2.a.

**Að setja efni inn á blaðsíðu:**

Veldu plúsinn efst til hægri til þess að setja nýtt efni inn á blaðsíðu.




2.b.

Með því að velja „Media“ geturðu valið algengasta efnið til að setja inn á blaðsíðu.




2.c.

Með því að velja „More“ geturðu valið meira efni.



3.a.

Settu inn **mynd** með því að velja „Photos“ undir „Media“ (sjá 2.a-c, bls. 3) og velja mynd úr myndasafninu þínu sem opnast.




3.b.

Þú getur stækkað að minnkað myndina með því að snerta bláan punkt í horni myndarinnar og draga.

Þú getur fært myndina til með því að snerta hana og draga.




3.c.

Þú getur gert ýmsar stillingar á myndinni með því að velja hana (þannig að hún fái bláan ramma) og snerta síðan „i“ efst til hægri.



3.d.

Þú getur **tengt vefslóð** við mynd með því að skrifa eða líma hana inn undir „Hyperlink“. Þá opnast hún þegar komið er við myndina við lestur bókarinnar.




3.e.

Þú getur **eytt myndinni** með því að velja Delete.



4.a.

Settu inn **texta** með því að velja „Add Text“ undir „Media“ (sjá 2.a-c, bls. 3).




4.b.

Skrifaðu textann á lyklaborðinu sem opnast og veldu síðan „Done“ efst til hægri.




4.c.

Þú getur gert ýmsar stillingar á textanum með því að velja hann (þannig að hann fái bláan ramma) og snerta síðan „i“ efst til hægri.



4.d.

Þú getur stækkað eða minnkað **letrið** með því að draga til punktinn efst í glugganum.

Þú getur breytt um leturgerð, lit eða bakgrunnslit í miðju gluggans.




4.e.

Þú getur **eytt textanum** með því að velja „Delete“.




4.f.

Þú getur fært textann til með því að snerta hann og draga.



5.a.

Settu inn **hljóð** með því að velja „Add Sound“ undir „Media“ (sjá 2.a-c, bls. 3).




5.b.

Þú getur valið lag eða hljóðupptöku sem þú ert með í iPadnum með því að snerta „Import from iPad“.

Þú getur tekið upp hljóð með því að snerta rauða upptöku-takkann.




5.c.

Þú lýkur upptöku með því að snerta rauða kassann.



5.d.

Staðfestu að þú viljir nota upptökuna með því að velja „Yes“.




5.e.

Þú getur fært hljóðupptökuna til með því að snerta hana og draga.




5.f.

Þú getur gert ýmsar stillingar á hljóðupptökunni með því að velja hana (þannig að hún fái bláan ramma) og snerta síðan „i“ efst til hægri.



5.g.

Þú getur **falið táknmyndina fyrir hljóðupptökuna**, þannig að hún sjáist ekki þegar bókin er lesin, með því að opna fyrir „Invisible in iBooks“.




5.h.

Þú getur **eytt hljóðupptökunni** með því að velja „Delete“.



6.a.

**Að breyta bakgrunni:**

Snertu bakgrunninn þannig að ekkert annað er valið á blaðsíðunni og snertu síðan „i“ efst til hægri.




6.b.

Þú getur valið lit efst í valglugganum.

Þú getur valið fleiri litir með því að snerta „More“.




6.c.

Þú getur valið annars konar bakgrunn með því að velja flokk neðst í valglugganum.

Snertu skjáinn fyrir utan valgluggann þegar þú ert búin(n) að velja.



7.a.

**Að bæta við blaðsíðum:**

Snertu örina til hægri til þess að bæta við blaðsíðu.




7.b.

Bættu inn efni á blaðsíðunni með því að endurtaka punkt 2-6, bla. 3-11.



8.a.

**Að breyta röð blaðsíðna:**

Snertu „Pages“ efst til vinstri til þess að sjá yfirlit fyri allar blaðsíður í bókinni.




8.b.

Snertu „Edit“ efst til hægri til þess að breyta röð blaðsíðna.




8.c.

Breyttu röðinni með því að snerta blaðsíðu og draga.

Snertu „Done“ efst til hægri þegar þú er búin(n).



9.a.

**Að lesa sögu:**

Snertu play-takkann efst til hægri.




9.b.

Þú getur hlustað á hljóðupptökur með því að snerta hljóðtáknið.

Þú getur skoðað vefsíðu sem hefur verið tengd við mynd með því að snerta myndina.

Þú getur flett á næstu blaðsíðu með því að sveipa til vinstri.




9.c.

Þú getur lesið söguna aftur með því að snerta „Read again“.

Þú getur lokið við lesturinn með því að snerta „Done“ efst til vinstri.



10.a.

**Að láta iPadinn lesa söguna:**




Snertu „Read to me“ efst til hægri til þess að fá iPadinn til að lesa söguna fyrir þig.
Þá er allur texti lesinn af talgervli, hljóðupptökur spilast sjálfkrafa og forritið sér um að fletta á næstu blaðsíðu.

10.b.




Þú getur gert ýmsar stillingar á upplestrinum með því að snerta stillinga-táknið efst til hægri.

10.c.

Þú getur lokað fyrir „Side by side pages“ til þess að sjá einungis eina blaðsíðu í einu.




Þú getur opnað fyrir „Play multimedia“ til þess að láta hljóðupptökur spilast sjálfkrafa.
Þú getur opnað fyrir „Turn pages automatically“ til þess að láta forritið fletta sjálfkrafa um blaðsíðu.
Ath. þú getur <u>ekki</u> stillt röddina („Voice“) á íslensku.

11.a.

**Að deila bók með öðrum:**

Til þess að deila bók er byrjað á að fara á upphafssíðu forritsins með því að snerta „My Books“ efst til vinstri.




11.b.

Snertu deili-táknið undir bókinni sem þú vilt deila.




11.c.

Snertu „Export as ePub“ ef viðtakandi á að geta unnið áfram með söguna í Book Creator eða lesið hana í iBooks.
Snertu „Export as PDF“ ef viðtakandi á að geta lesið textann og skoðað myndirnar en ekki hlustað á hljóðupptökur eða skoðað tengdar vefsíður.
Snertu „Export as Video“ til þess að deila sögunni sem myndskeið þar sem blaðsíðurnar eru spilaðar í röð og hljóðupptökur spilast sjálfkrafa en tengdar vefsíður eru ekki sýndar.



12.a.

**Að flokka bækur í hillur:**

Snertu merkið með þremur línum efst til vinstri á upphafssíðunni til þess að búa til nýja bókahillu.




12.b.

Veldu „+ New bookshelf“.




12.c.

Gefðu nýju bókahillunni nafn og snertu síðan „Add“.



12.d.

Snertu merkið fyrir bókahillu undir bókina sem þú vilt færa í hillu og veldu „Move to Bookshelf".




12.e.

Veldu „Select" efst til vinstri og snertu síðan bókin sem þú vilt færa í hillu.




12.f.

Snertu „Move" efst til hægri og veldu bókahilluna sem þú vilt færa bókina í á listanum.



12.g.

Snertu táknið efst til hægri til þess að komast aftur á upphafssíðuna.




12.h.

Snertu merkið með þremur línum efst til vinstri á upphafssíðunni til þess að opna bókahillu.




12.i.

Veldu bókahilluna sem þú vilt opna í valglugganum.
Þá sérðu aðeins þær bækur sem hafa verið færðar í þessa tilteknu hillu.

